



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 3. desember 2020

SFS2019020033

197. fundur

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Embættisafgreiðsla sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Umsögn skóla- og frístundasviðs um breytingu á ýmsum lögum sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, dags. 16. nóvember 2020.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Efni: Umsögn um breytingu á ýmsum lögum sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur tekið til umsagnar frumvarp mennta- og menningarmálaráðuneytisins um breytingu á ýmsum lögum sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

Skóla- og frístundasvið vill koma á framfæri eftirfarandi umsögn:

Í frumvarpi ráðuneytisins má finna nauðsynlegar breytingar á lagaumhverfi skóla- og frístundastarfs sveitarfélaga í ljósi nýrra persónuverndarlaga. Í frumvarpinu er að finna heimildir til vinnslu persónuupplýsinga í þágu lögskyldra verkefna sveitarfélaga á þessu sviði. Í frumvarpinu má finna upptalningu á ýmsum starfsstöðum sem þurfa að vinna með persónuupplýsingar í þessum tilgangi og mun sú vinnsla verða nánar útfærð í reglugerð ráðherra samkvæmt texta frumvarpsins.

Um miðlun leikskóla til grunnskóla og frístundaheimila

Í 1. gr. frumvarpsins eru taldar upp þær starfsstöðvar sem heimilt er að vinna með persónuupplýsingar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 verði frumvarpið lögfest. Tekur upptalningin til leikskóla, skólaþjónustu og þeirra aðila er lögbundið hlutverk hafa samkvæmt leikskólalögum.

Skóla- og frístundasvið vill vekja athygli á því að þegar barn færir úr leikskóla í grunnskóla og hefur dvöl í frístundaheimili getur verið þörf á miðlun persónuupplýsinga til að tryggja samfellu í þjónustu innan skólakerfisins. Það er því mat skóla- og frístundasviðs að bæta þurfi við grunnskólum og frístundaheimilinum í upptalningu 1. gr. frumvarpsins.

Skóla- og frístundasvið leggur því til að bætt sé við 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins og að ákvæðið verði svohljóðandi:

Leikskólum, skólaþjónustu og þeim aðilum er lögbundið hlutverk hafa samkvæmt lögum þessum er heimilt að afla og miðla persónuupplýsingum frá og til stofnana og fagaðila sem veita börnum lögbundna þjónustu, þar með talið Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, félagsþjónustu sveitarfélaga, skólaþjónustu sveitarfélaga, grunnskólum, frístundaheimilum, stofnunum og fagaðilum sem tilgreindir eru í reglugerð sem ráðherra setur, enda sé miðlunin liður í því að tryggja barni markvissa og lögbundna þjónustu.

Um skólahljómsveitir

Í 3. gr. frumvarpsins má finna upptalningu á þeim starfsstöðvum sem heimilt er að vinna með persónuupplýsingar samkvæmt grunnskólalögum verði frumvarpið lögfest. Tekur upptalningin til grunnskóla, skólaþjónustu og þeirra aðila er lögbundið hlutverk hafa samkvæmt lögunum. Frumvarpsdrögin gera einnig ráð fyrir því að veita félagsmiðstöðum og frístundastarfi vægi með þeim hætti að þær falli undir framangreinda upptalningu, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar vill vekja athygli á því að einn þátt félagsstarfs barna á vegum sveitarfélaga vantar í framangreinda upptalningu og það eru skólahljómsveitir og í mörgum sveitarfélögum tónlistarskólar.

Skólahljómsveitir og tónlistarskólar sveitarfélaga þurfa að kalla eftir og vinna með persónuupplýsingar barna sem skráð eru í hljómsveitirnar. Haldið er utan um persónuupplýsingar eins og nöfn, heimilisföng og símanúmer barna og foreldra, samskipti við foreldra, mætingar, námsframvindu og upplýsingar um veikindi, bráðaofnæmi o.fl. í samræmi við eðli og tilgang hljómsveitanna. Þar getur því verið um að ræða sömu vinnslu persónuupplýsinga og finna má á þeim starfsstöðum sem taldar eru upp í 4. gr. frumvarpsins.

Skóla- og frístundasvið leggur því til að bætt sé við 4. gr. frumvarpsins sem yrði þá svohljóðandi:

Við 2. málsl. 1. mgr. 33. gr. bætist: til dæmis í félagsmiðstöð, í frístundastarfi, skólahljómsveit eða tónlistarskóla á vegum sveitarfélags.

Með þessum hætti er skólahljómsveitum og tónlistarskólum á vegum sveitarfélagsins gefið vægi innan grunnskólalaga þannig að ekki fari á milli mála að starfsemi þeirra falli undir grunnskólalög og skólahljómsveitirnar falli þar með undir upptalningu 3. gr. frumvarpsins. Eru það eindregin tilmæli að réttarstaðan verði skýrð hvað varðar framangreint álitaeefni.

Þá er farið fram á að skoðað verði hvort tilefni er til í 36. og 37. gr. laga um grunnskóla nr. 91/20008 að bæta við tilvísun til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Jafnframt hvort víkja þurfi sérstaklega að vinnslu persónuupplýsinga sveitarfélaga þegar kemur að persónuupplýsingum sjálfstætt rekinna leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila.

Þá er vakin athygli á því að orðið frístund er í hugum flestra starfsemi frístundaheimila en lögð hefur verið áhersla á orðanotkunina frístundaheimili og félagsmiðstöð til sundurgreiningar. Frístundastarf telst því vera yfirheiti sem túlka má víðtækt.

Að lokum er vísað til bréfs skóla- og frístundasviðs, dags. 9. janúar 2020 auk fylgiskjals, með ábendingum um þau atriði sem taka þurfi til skoðunar í tengslum við útfærslu breytinga vegna nýrrar persónuverndarlöggjafar. Til samræmis við það sem fram kemur í drögum að frumvarpi er gert ráð fyrir að settar verði reglugerðir með nánari útfærslu og því ekki tilefni til frekari athugasemda að svo stöddu.

Virðingarfyllt,

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar